

Reykjavík, 20. desember 2016
R15060203
21351

Borgarráð

Uppbygging hjúkrunarheimila í Reykjavík

Lagt er fram til kynningar hjálagt bréf borgarstjóra til heilbrigðisráðherra dags. 27. október 2016. Í bréfinu er vísað til staðfesta áforma um uppbyggingu hjúkrunarheimila í Reykjavík. Skv. greiningum velferðarsviðs og upplýsingum frá velferðarráðuneytinu duga áformuð uppbyggingarverkefni ekki til að mæta þeirri þörf sem blasir nú við og á næstu 10-15 árum. Var því óskað eftir viðræðum við ráðuneytið um byggingu og rekstur fleiri hjúkrunarrýma og heimila í Reykjavík en af þeim viðræðum hefur ekki orðið.

Dagur B. Eggertsson

Hjálagt:

Bréf borgarstjóra til heilbrigðisráðherra dags. 27. október 2016 um uppbyggingu hjúkrunarheimila í Reykjavík.

Velferðarráðuneytið
Kristján Þór Júlíusson, heilbrigðisráðherra
Hafnarhúsinu við Tryggvagötu
101 Reykjavík

Uppbygging hjúkrunarheimila í Reykjavík

Vísað er til fyrri samskipta Reykjavíkurborgar og velferðarráðuneytisins vegna byggingar hjúkrunarheimilis í Reykjavík, síðast nýs samnings sem undirritaður var 20. október sl. um byggingu allt að 105 rýma hjúkrunarheimilis við Sléttuveg í Reykjavík. Auk þeirra áforma eru sem kunnugt er fyrirbyggjandi áform um byggingu og rekstur fleiri hjúkrunarheimila á höfuðborgarsvæðinu. Þessi staðfestu áform eru fagnaðarefni. Hins vegar er brýnt að fara án tafar í frekari uppbyggingu hjúkrunarrýma í Reykjavík til að mæta brýnni þörf sem er því miður þegar staðreynd og fyrirsjáanlegri þörf til framtíðar. Ljóst er að ofangreind uppbyggingarverkefni eru ekki nægjanleg til að mæta þeirri þörf sem við blasir nú og á næstu 10-15 árum í Reykjavík og á höfuðborgarsvæðinu samkvæmt greiningum velferðarsviðs Reykjavíkurborgar. Þær greiningar byggjast m.a. á upplýsingum frá velferðarráðuneytinu og fyrirsjáanlegri fjölgun þeirra sem þurfa á þjónustu af þessu tagi að halda.

Reykjavíkurborg hefur til reiðu lóðir og viðbyggingarmöguleika fyrir hjúkrunarheimili í Reykjavík eins og fram hefur komið í þeim viðræðum sem leiddu til samningsins sem skrifað var undir fyrir stuttu. Er óskað eftir viðræðum við ráðuneytið um byggingu og rekstur fleiri hjúkrunarrýma og heimila í Reykjavík. Til grundvallar viðræðna um næstu verkefni er vísað til hjálagðs bréfs míns til heilbrigðisráðherra dags. 29. júlí 2015 þar sem lagðar eru fram hugmyndir um einstök uppbyggingarverkefni og forgangsröðun þeirra. Rétt er að áréttta að Reykjavíkurborg er tilbúin til að deiliskipuleggja lóð undir hjúkrunarrými í Grafarvogi, á óbyggðri lóð norðan við Borgarholtsskóla, sbr. tölulið 4 í hjálögðu bréfi. Jafnframt er óskað eftir viðræðum við ráðuneytið um hvort ekki sé unnt að mæta vaxandi þjónustubörf á þessu sviði með aukinni áherslu á heimahjúkrun og félagslega heimaþjónustu, sem Reykjavíkurborg sinnir eins og kunnugt er. Jafnframt er mikilvægt að sjónum verði beint að nýsköpun og velferðartækni á þessum sviðum og er Reykjavíkurborg sömuleiðis tilbúin til viðræðna og samstarfs á því sviði við velferðarráðuneytið.

Dagur B. Eggertsson

Hjálagt:

Bréf borgarstjóra Reykjavíkur dags. 29. júlí 2015 til heilbrigðisráðherra um uppbyggingu hjúkrunarheimila í

Reykjavík.